

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Nýbýlavegur 46-48, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. febrúar 2020 breytingu á deiliskipulagi á Hvolsvelli. Deiliskipulagsbreytingin tekur til lóða nr. 46 og 48 við Nýbýlaveg. Í nýju deiliskipulagi íbúðarbyggðar á Hvolsvelli liggur fyrir ný gatnahönnun sem felur í sér talsverðar breytingar á gatnamótum Nýbýlavegar og Hvolstúns. Aðlaga þarf lóð nr. 48 að þessum breytingum og mun hún minnka úr 1.262 m² í 1.085 m². Leyfilegt byggingarmagn á lóð verður 272 m² í stað 320 m². Sameiginlegum bílastæðum fyrir lóðirnar nr. 46 og 48 fækkar úr 17 stæðum í 15 auk þess sem að akfær aðkoma að lóð nr. 48 færist til. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Ytri-Skógar, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 26. mars 2020 breytingu á deiliskipulagi á Ytri-Skógum. Deiliskipulagsbreytingin tekur til byggingarskilmála á tveimur lóðum á Ytri-Skógum. Annars vegar er um að ræða lóð farfuglaheimilisins, þar sem að heildarbyggingarmagn er aukið úr 800 m² í 1.500 m². Aðrir skilmálar eru óbreyttir. Hins vegar er um að ræða lóð undir móttöku- og aðstöðuhús við nýtt bílastæði við Skógafoss. Þar er byggingarreitur stækkaður og byggingarmagn aukið úr 200 m² í 500 m². Aðrir skilmálar eru óbreyttir. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Efra-Bakkakot, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 13. febrúar 2020 tillögu að deiliskipulagi í Efra-Bakkakoti. Tillagan nær frá Þjóðvegi 1 í norðri, Bakkakotsá til vesturs og inn á tún til austurs og suðurs. Gert er ráð fyrir að taka 730 m² spildu undir frístundalóð þar sem gert er ráð fyrir byggingu 80 m² frístundahúss á einni hæð auk 30 m² geymsluskúrs. Hámarkshæð húss frá gólfkóta er 4,0 m. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Ný íbúðabyggð á Hvolsvelli, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 12. desember 2019 tillögu að deiliskipulagi á nýrri íbúðarbyggð á Hvolsvelli. Tillagan tekur til svæðis sem er um 13 ha að stærð og liggur norðan núverandi íbúðarsvæðis, vestan Nýbýlavegar. Svæðið sem um ræðir skiptist í 3,1 ha íbúðarsvæði, 5,8 ha íbúðarsvæði og 3,3 ha opið svæði. Gert er ráð fyrir að á svæðinu rísi lágreist byggð með fjölbreyttum húsagerðum, þ.e. einbýli, par- og raðhús. Lögð verður áhersla á góðar göngu- og hjólaleiðir bæði innan svæðis og við aðliggjandi svæði, ásamt fjölbreyttum leik- og útivistarsvæðum. Gert er ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Þjóðvegi 1 sem mun liggja norðan við hið nýja íbúðarsvæði og tengjast við Nýbýlaveg. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 30. mars 2020.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.